



Borgarráð

Gröndalshús - eignarhald og nýting

Óskað er eftir að borgarráð heimili skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að sjá um að ljúka endurbótum á Gröndalshúsi og húsið verði nýtt af Menningar og ferðamálasviði.

Áfallinn kostnaður á eignina er í dag kr. 37.529.709. Óuppgerðir reikningar við Minjavernd vegna undirbúnings, flutnings og endurgerðar að hluta eru samanlagt kr. 42.824.423. Eftir er að klára lóð og endurgera húsið að innan en samkvæmt kostnaðaráætlun mun það kosta um 40 milljónir kr. Lagt er til að þau verk sem eftir eru verði framkvæmd og lokið við á árinu 2016 og kostnaður færður á kostnaðarstað 1108. Fjárheimild samkvæmt gildandi fjárfestingaráætlun fyrir verkið nemur 50 milljónum kr.

Menningar og ferðamálasvið sér mikla möguleika í húsinu og raunhæf tækifæri á starfsemi sem skilar tekjum til rekstur hússins, sjá nánar í hjálagðri greinargerð.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar leggur til að áfallinn kostnaður og óuppgerðir reikningar við Minjavernd verði afskrifaðir og tapið fært á Eignasjóð. Leiga hússins verði reiknuð út frá kostnaði vegna þeirra framkvæmda sem eftir eru.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Greinargerð MOF

Gröndalshús

Greinargerð Menningar og ferðamálasviðs

Reykjavík var útnefnd ein af Bókmenntaborgum UNESCO í ágúst 2011. Titillinn er varanlegur, en í honum felst mikil viðurkenning á stöðu bókmenningar í Reykjavík og gildi orðlistar bæði í sögu og samtíð. Reykjavík var fimmta borgin í heiminum til að hljóta titilinn og sú fyrsta sem ekki tilheyrir ensku málsvæði.

Í útnefningunni segir meðal annars að Reykjavík státi af framúrskarandi bókmenntahefð í formi ómetanlegra miðaldabókmennta, sem varðveittar eru í borginni, og eru Íslendingasögurnar, Eddukvæði og Íslendingabók nefnd sérstaklega. Þá segir að þessi rótgróna hefð sýni sig í varðveislu, miðlun, bókmenntakennslu og kynningu bókmennta í dag.

Íslenskar bókmenntir hafa sífellt sterkari alþjóðlega skírskotun. Margir íslenskir rithöfundar hafa hlotið verðskuldaða athygli erlendis, en góður árangur þeirra hefur jafnframt aukið hróður borgar og lands meðal erlendra ferðamanna.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO vinnur nú að samningi við öflugan samstarfsaðila af vettvangi ferðaþjónustu sem mun tryggja rekstrargrundvöll fyrir Gröndalshús til næstu þriggja ára. Markmiðið er fyrst og fremst að styrkja kynningu á hinni ríku bókmenntahefð Íslendinga og UNESCO titli Reykjavíkurborgar sem viðurkenningu á stöðu orðlistar í borginni. Gröndalshús verður afar mikilvægur þáttur í þessu verkefni.

Um Gröndalshús

Gröndalshús er íbúðarhús skáldsins Benedikts Gröndal (1826-1907) sem bjó í húsinu síðustu ár ævi sinnar eða til ársins 1907. Húsið heyrir undir lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Í húsinu verður íbúð til útleigu í kjallara sem verður nýtt sem skáldaíbúð fyrir Bókmenntaborgina og til skammtímaleigu til ferðamanna á vegum samstarfsaðila á meðan samningar um slíkt eru í gildi. Gerður verður sérstakur samningur um fyrirkomulag útleigu, tímaramma og tekjuskiptingu vegna hennar.

Á aðalhæð hússins er ráðgert að setja upp sýningu um sögu 19. aldar í Reykjavík og líf og starf skáldsins Benedikts Gröndal auk þess sem Bókmenntaborginni verða gerð skil. Hægt verður að halda móttökur, fundi og smærri viðburði á aðalhæð hússins – að hluta í samvinnu við fyrirhugaðan samstarfsaðila. Á efri hæð verði vinnuaðstaða fyrir skáld og/eða fræðimenn og mögulegt sýningarrými að hluta.

Reykjavík Bókmenntaborg mun halda utan um verkefnið f.h. Menningar- og ferðamálasviðs og hafa um það náið samstarf við Borgarsögusafn og Borgarbókasafn Reykjavíkur.